

Fimmtudaginn 5. marz 1959.

Nr. 1/1959. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar vegna Strætisvagnstjóra bæjarins**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar (Tómás Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Frávisun máls.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 5. febrúar s.l. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Starfsmannafélags Reykjavíkur vegna strætisvagnstjóra bæjarins gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að strætisvagnastjórar Reykjavíkur eigi rétt til hækkunar á launum sínum frá 1. janúar 1956. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi, sem krefst sýknu af kröfum stefnanda, hefur í greinargerð sinni í málinu hreyft því, að vafasamt sé, að mál þetta beri að réttu lagi undir Félagsdóm, nema ef vera kynni, að leggja mætti hér dóm á það samkvæmt 3. tölul. 44. gr. laga nr. 80/1938, og hefur hann samþykkt, að Félagsdómur dæmi málið eftir heimild þeirrar greinar, ef tilskilið samþykki dómenda sé fyrir hendi.

Samkvæmt ákvörðun dómsins hefur málið að sinni aðeins verið flutt að því er varðar það atriði, hvort Félagsdómur skuli fjalla um málefni það, sem hér er krafizt dóms um.

Tildrög málsins eru þessi:

Hinn 7. desember 1954 var að undangengnum samningum við borgarstjóran í Reykjavík gerð svohljóðandi fundarsamþykkt í Strætisvagnstjóradeild Bifreiðastjóraráfélagsins Hreyfils.

„Fundur í Strætisvagnstjóradeild Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, haldinn 7. desember 1954, samþykkir að taka tilboði borgarstjórans í Reykjavík, hr. Gunnars Thoroddsen, um að vagnstjórar og næturvaktmenn hjá Strætisvögnum Reykjavíkur gerist fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurbæjar með þeim skilmálum, sem felast í bréfum borgarstjóra, dags. 30. nóvember og 7. desember 1954, og sem lesin hafa verið og skýrð fyrir fundinum.“

Í tilvitnuðu bréfi stefnda, dags. 7. desember 1954, segir svo í 4. lið:

„Fari svo, að starfshópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, fái kjarabætur umfram það, sem vagnstjórum er ætlað, skv. bréfi, dags. 30. nóvember s.l., mun ég beita mér fyrir því, að vagnstjórar fái bætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum.“

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur 10. desember 1954 voru framangreind bréf borgarstjórans lögð fram og samþykkt þau tilboð, sem í þeim fólust, en Strætisvagnadeild Hreyfils hafði 7. s. m., svo sem greint var, fyrir sitt leyti samþykkt tilboð borgarstjóra. Nefnda fundargerð samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur 16. desember s. á. Gerðust strætisvagnstjórarinnir því næst fastir starfsmenn stefnda og tóku laun samkvæmt 10. launaflokki í samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar.

Lögreglumenn Reykjavíkurbæjar taka laun samkvæmt gjaldskrá 10. launafl. Í samþykkt um laun þeirra, sem sett var 15. nóvember 1956, en gilda skyldi frá 1. janúar s. á., er svo ákveðið: „Fastráðnir lögreglumenn skulu fá greidda áhættuþóknun, er nemi 6% af launum skv. 2. gr. Er þóknun þessi greidd vegna þeirrar sérstöku áhættu, sem skýrslur sýna, að samfara er starfi lögreglumanna“. Þennan sama dag var gerð eftirfarandi ályktun á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur: „Bæjarstjórnin ályktar að greiða 6% áhættuþóknun á kaup, skv. 2. gr. launasamþykktar, hjá þeim starfsmannahópum, sem að dómi tveggja manna, er Hæstiréttur verður beðinn að tilnefna, vinna störf, sem jafnmikil áhætta er samfara og starfi lögreglumanna.“

Samkvæmt mati þannig nefndra matsmanna greiddi

Reykjavíkurbær m. a. slökkviliðsmönnum áhættuþóknun, en hins vegar hefur strætisvagnastjórunum verið synjað um samskonar kjarabætur. Er það krafa þeirra í máli þessu, að Reykjavíkurbær verði á grundvelli framangreindra gagna dæmdur til að greiða þeim sömu uppbót á launin og aðrir starfsmenn í hliðstæðum launaflokkum hafa fengið.

Það verður eigi talið, að þær samþykktir eða reglugerðir um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, sem settar eru með einhliða ákvörðun bæjarstjórnarinnar, og strætisvagnastjórar taka nú laun samkvæmt, séu kjarasamningar í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938. Eigi verður heldur talið, að bréf þau, er að framan er lýst, og sem fóru milli borgarstjórans í Reykjavík og strætisvagnadeildar Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils í nóvember og desember 1954, er samið var um það, að strætisvagnastjórararnir gerðust fastir starfsmenn Reykjavíkurbæjar og tækju framvegis laun eftir launareglugerðum bæjarins, séu kjarasamningar í merkingu 6. gr. nefndra laga. Ber því eigi undir Félagsdóm, sbr. 2. lið 44. gr. sömu laga að skera úr ágreiningi um skuldbindingar þær, sem í nefndum gögnum felast. Og þar sem dómendur eru á einu máli um það, að ekki sé ástæða til þess að beita hér heimild 3. liðar sömu greinar, ber að visa máli þessu sjálfkrafa frá Félagsdómi.

Málskostnaðar hefur eigi verið krafizt af hálfu stefnda.

Dómsorð:

Máli þessu er visað frá Félagsdómi.
